

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 5. tbl. 6. árg. 1. mars 2012

Myndir augnabliksins eru teknar á skóladeildinni á Öskudaginn.



## Akureyri 150 ára.

Árið 2012 eru 150 ár liðin frá því að Akureyrarbær hlaut kaupstaðarréttindi og af því tilefni verður heilmikið um að vera á árinu. Hápunktur hátíðarhaldanna verður í kring um afmælisdaginn 29. ágúst. Þann dag verður hlutur barna og unglinga í leik- og grunnskólum bæjarins mikill. Hátíðarhöldin byrja helgina áður með aðaláherslu á unga fólkið. Aðalhátíðin Akureyrarvaka verður helgina 31. ágúst - 2. september. Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til að láta ekki sitt eftir liggja í hátíðarhöldunum og fegrun bæjarins. Meðal þess sem hægt er að gera til að taka þátt í afmælinu er að senda Akureyri heimatilbúið afmælikort með persónulegri kveðju. Kortin skal senda til Amtsbókasafnsins, Brekkugötu 17, og verður efnt til sýningar á þeim undir lok ársins. Hægt er að fylgjast með viðburðum fyrir hvern mánuð og einnig fréttum af undirbúningi á heimasíðu verkefnisins: <http://www.visitakureyri.is/is/akureyri-150-ara/akureyri-150-ara>



## Leitin að grenndargralinu á afmælishátíð Akureyrarbæjar.

Boðið verður upp á sérstaka afmælisútgáfu að Leitinni að grenndargralinu seinni hluta sumars. Um stutta útgáfu verður að ræða þar sem allir geta tekið þátt, jafnt ungir sem alnir. Þessari afmælisútgáfu mun svo ljúka um það leyti sem hátíðarhöldin ná hámarki í sjálfri afmælisvikunni í lok ágúst. Hægt er að fylgjast með fréttum af undirbúningi á heimasíðu grenndargralsins: <http://grenndargral.is/>

Leitin að grenndargralinu byrjaði árið 2008 en þá fór Giljaskóli af stað með tilraunaverkefni í grenndarkennslu hjá nemendum í 8.-10. bekk. Tilgangurinn með verkefninu var að auka áhuga og vitund nemenda á þeirra nánasta umhverfi í gegnum skemmtilegar og spennandi vettvangsferðir og rannsóknarleiðangra. Síðan hafa grunnskólarnir á Akureyri verið að bætast í hópinn og árið 2011 voru það Síðuskóli, Giljaskóli, Glerárskóli, Brekkuskóli, Lundarskóli og Oddeyrarskóli sem tóku þátt.

## Dagur tónlistarskólanna.

Laugardaginn 3. mars verður Dagur tónlistarskólanna haldinn hátíðlegur í Hofi með hljóðfærakynningu og fjölda tónleika. Íbúar bæjarins eru hvattir til að koma og kynna sér hljóðfærin sem kennt er á. Allir eru velkomnir og ókeypis er inn á alla tónleika.

Kl. 11:00 Hamraborg Hljóðfærakynning.

Kl. 11:45 Ratleikur um Hof – vegleg verðlaun.

Kl. 12:30 Hamraborg – Klassískir tónleikar eldri nemenda.

Kl. 13:30 Hamrar – Klassískir tónleikar, fram koma yngri hópar Suzukinemenda og einleiksatriði.

Kl. 14:30 Hamraborg – Hljómsveitir skólans, strengjasveitir 1 og 2, Grunnsvéit, Blásarasveit, Big Band, Tangoband og slagverkshópar.

Kl. 16:00 Hamrar – Rytmískir tónleikar. Fram koma Jazz- og dægurhljómsveitir skólans ásamt söngnemendum.

Kl. 11:45- 14:00 – Skólastofur opnar og hægt verður að prófa hljóðfæri.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans: [www.tonak.is](http://www.tonak.is)

## Þátttaka leik- og grunnskóla í 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar.

Nú hefur samstarfshópur úr röðum leik- og grunnskóla Akureyrar unnið að hugmyndum að sameiginlegum verkefnum skólanna vegna 150 ára afmælis Akureyrarkaupstaðar. Fyrsta sameiginlega verkefni leik- og grunnskóla verða söngdagar í mars. Söngdagar verða haldnir **16. og 23. mars** milli klukkan 10 og 11. Þá munu nemendur leik- og grunnskóla sameinast í miðbæ Akureyrar og syngja nokkur lög saman. Annað verkefni er ljóðasamkeppni í skólunum. Yfirskrift ljóðasamkeppninnar er **Akureyri, brosandí bær**. Ýmis fleiri verkefni eru framundan og verða þau kynnt betur á næstu vikum. Nánari upplýsingar verða sendar á skólana.

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, [lindamaria@akureyri.is](mailto:lindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

**Skólafest Akureyrarbæjar.**

Áherslur úr skólafestu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

**Viðmið um gæði**

**Markmið:** Nemendur séu meðvitaðir og virkir þátttakendur í skipulagi eigin náms.

**Í góðum skóla...**

- er áhersla lögð á að kennarar kynni nemendum þau markmið aðalnámskrár sem liggja til grundvallar náminu.
- gera nemendur sínar eigin námsáætlanir.
- er skipulega unnið með sjálfsmat nemenda til að auka ábyrgð þeirra í eigin námi.
- eiga nemendur kost á námsráðgjöf.
- læra nemendur að skipuleggja vel tíma sinn og vinnu.

**Glaðværð á Síðuseli.**

Á Síðuseli er unnið með dyggðina glaðværð og af því tilefni var dansaður pappírsdans í salnum. Hann fór þannig fram að pappírsræmum úr tættara var dreift á gólfíð og svo var dansað á pappírnum. Heppnaðist dansinn mjög vel og vakti mikla glaðværð meðal þátttakenda eins og myndirnar sína.

**Barnastarf á Amtsbókasafinu.**

Boðið er upp á skoðunarferðir um safnið og sögustundir fyrir hópa. Tilgangurinn með safnkynningum er að börnin læri að þekkja almenningsbókasafnið sitt. Hvað þar er að finna og hvaða þjónusta er í boði. Hægt er að koma með námshópa í almennar heimsóknir í tengslum við þema- og ritgerðavinnu. Hægt er að hafa samband við barnabókavörð vegna heimsókna og sögustunda með því að senda póst á [herdisf@akureyri.is](mailto:herdisf@akureyri.is) eða í síma 460-1257. Reglulegar sögustundir eru á safninu alla fimmtudaga frá september og fram í maí og hefjast þær kl. 16.00. Einu sinni í mánuði er sögustund á laugardegi kl. 14.00 og er hún nánar auglýst á heimasíðu Amtsbókasafnsins: <http://www.akureyri.is/amtsbokasafn/forsida>

**Miðstöð skólaþróunar.**

heldur fræðslufund að Sólborg við Norðurslóð, 15. mars 2012  
kl. 15:20-16:20 í L-202. Á fundinum verða kynntar niðurstöður eftirtalinnna tveggja rannsókna:

Þorgerður Sigurðardóttir skólastýra Lundarskóla á Akureyri  
**Árangur af þróunarstarfi.**

**Rannsókn á tveimur þróunarverkefnum í grunnskóla.**

Erindið byggir á samnefndu meistaraþrófsverkefni frá HA vorið 2011. Í erindinu verður greint frá rannsókn sem gerð var á tveimur þróunarverkefnum í grunnskólum sem hófust haustið 2004.

Rannsóknarspurningin var „*Hvaða árangur varð af tveimur þróunarverkefnum í grunnskólum og hvað í undirbúningi og framkvæmd þeirra skýrir hann?*“

Þór Pálsson áfangastjóri í Iðnskólanum í Hafnarfirði

**Hvað gera skólameistarar framhaldsskóla til að halda í og styrkja gott fólk og hvernig taka þeir á erfiðustu starfsmannamálum?**

**Kennsluáðferðir í læsi.**

Í nýjasta þætti Landans á RÚV var Naustaskóli heimsóttur og rætt var við nemendur og kennara varðandi kennslu í læsi. En Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hefur boðið upp á námskeið fyrir kennara í læsi og þar er einnig unnið að þróunarverkefni varðandi læsi. Hér má sjá umfjöllunina í Landanum: <http://www.ruv.is/sarpurinn/landinn/26022012/kennsluadferdir-i-laesi>

**Fundargerðir skólanefndar.**

Skólanefnd fundar tvisvar í mánuði og hægt er að fylgjast með því sem tekið er fyrir á fundum en fundargerðir eru aðgengilegar á: <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/fundargerdir/skolanefnd>